

tryggð samkvæmt lánskjaravísitölu til og með 30. júní 2002. Endurgreiðslufjárhæð skal breytt til samræmis við mismun á lánskjaravísitölu júnímánaðar 2002 og einföldu meðaltali vísitölnnar í mánuðum endurgreiðslutímabilsins, sbr. 1. másl. 2. mgr. 13. gr.

Hafi verksamningur vegna afhendingar á þjónustu skv. 1. másl. 1. mgr. verið gerður fyrir 1. júlí 2002 og afhending farið fram bæði fyrir og eftir þann tíma skal einungis sá hluti endurgreiðslunnar vera verðtryggður er varðar vinnu sem innt var af hendi fyrir 1. júlí 2002.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 2. mgr. 42. gr. og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

F. h. r.

**Baldur Guðlaugsson.**

*Ingvi Már Pálsson.*

## REGLUGERÐ

### um (2.) breytingu á reglugerð nr. 218/2002 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

1. gr.

9. gr. orðast svo:

9. gr.

*Greiðslur fyrir læknisvottorð.*

Fyrir læknisvottorð á eyðublöðum Tryggingastofnunar ríkisins vegna almannatrygginga eða bóta félagslegrar aðstoðar skulu sjúkratryggðir greiða sem hér segir:

- Ekkert gjald fyrir örorkuvottorð vegna lífeyristrygginga (A og B), örorkuvottorð vegna slysatrygginga (A), vottorð vegna fjárhagslegrar aðstoðar við fötluð og sjúk börn eða vottorð vegna endurhæfingarlífeyris.
- Kr. 350 fyrir framhaldsvottorð vegna slysatrygginga.
- Kr. 700 fyrir læknisvottorð vegna slysatrygginga (áverkavottorð), vegna beiðni um þjálfun, vegna öflunar hjálpartækja, vegna lengingar fæðingarorlofs, vegna hreyfihömlunar (bensínstyrkur), vegna heimahjúkrunar, vegna umsóknar um lyfjaskírteini, vegna vistunar sjúklings erlendis (siglinganefnd), sjúkradagpeningavottorð eða skýrslu vegna ferðakostnaðar innanlands.
- Kr. 800 fyrir læknisvottorð vegna umsóknar um styrk til kaupa á bifreið fyrir fatlaða.

Fyrir önnur læknisvottorð en tilgreind eru í 1. mgr. skal innheimta gjöld sem hér segir:

- Kr. 350 fyrir vottorð um fjarvistir nemenda úr skólum.
- Kr. 700 fyrir vottorð vegna sjúkranudds.
- Kr. 1.200 fyrir vottorð um fjarvistir til atvinnurekenda, ónæmisaðgerðir og alþjóða-ónæmisskírteini, heilsufar nemenda til skóla, leikskóla og sumarbúða, undanþágu til bílbeltanotkunar, vegna veitingar ökuleyfis, dagmóðurstarfa og endurgreiðslu ferða-kostnaðar, svo sem ferðarofs, og til skattfyrivalda.

- d. Kr. 1.700 fyrir vottorð vegna bóta úr slysa- og sjúkrasjóðum, umsókna um örorkubætur til lífeyrissjóða, andláts (dánarvottorð), fóstureyðingar og ófrjósemisaðgerðar.
- e. Kr. 3.000 fyrir vottorð vegna byssuleyfis, skóla erlendis, og um heilsufar eða vinnufærni vegna umhverfis eða atvinnu, þ.m.t. vegna atvinnuréttinda.
- f. Fyrir vottorð til lögmanna og tryggingafélaga vegna sjúkdóma eða slysa, tryggingafélaga vegna líftrygginga eða umsókna um örorkubætur, lögreglu, sýslumanna, vegna dvalar- og/eða atvinnuleyfa hér á landi og dvalar eða starfa erlendis skal miða við hversu langan tíma það tekur lækni að gera vottorðið og skal greiða kr. 2.500 fyrir hverjar byrjaðar 20 mínútur.

Gjöld fyrir vottorð skv. 1. og 2. mgr. skulu renna til heilbrigðisstofnunar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 36. gr. laga nr. 117/1993 um almannatryggingar, með síðari breytingum, og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 2002.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. júlí 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## AUGLÝSING

### um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis 1998 – 2010 vegna aðalskipulags Austur-Héraðs 2002 – 2017.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 10. júlí 2002 staðfest breytingu á svæðisskipulagi Héraðssvæðis frá 31. ágúst 2001. Breytingin felst í eftirfarandi:

Gert er ráð fyrir frístundabyggðarsvæði að Kóreksstöðum, í Finnastaðaseli, á Strönd og í Beinárgerði.

Gert er ráð fyrir blandaðri landnotkun frístundabyggðar og opins svæðis til sérstakra nota að Snjóholti og í Miðhúsaskógi.

Frístundabyggðarsvæði í Prestaskershöfða er skilgreint sem blanda af frístundabyggðarsvæði og opnu svæði til sérstakra nota.

Gert er ráð fyrir íbúðarsvæði að Eyvindará og við Randaberg.

Fallið er frá flutningi Borgarfjarðarvegur nr. 94 um Eiða austur fyrir byggðina.

Hringvegur í Skriðdal er færður til norðurs á milli Hallbjarnarstaða og Litla-Sandfells.

Mörk þéttbýlis á Eiðum, Egilsstöðum og Hallormsstað eru færð til samræmis við aðalskipulag Austur-Héraðs 2002-2017.

Fallið er frá skilgreiningu á svæði þar sem gert var ráð fyrir möguleika á stofnvegi norðan við Egilsstaði, frá Seyðisfjarðarvegi yfir Eyvindará undir Melshorni að hringvegi, sem „skipulagi frestað“.

Fallið er frá skilgreiningu á svæði þar sem gert var ráð fyrir möguleika á færslu hringvegur suður fyrir flugvöll ef hann yrði lengdur, sem „skipulagi frestað“.